

**Nr. 19-088 S 057 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255*****Skipverji slasast á fæti***

*Skipaskr.nr.* 1972 *IMO nr.* 8709810  
*Smíðaður:* Flekkefjord Noregi 1988 stál  
*Stærð:* 290,3 brl. 1028 bt.  
*Mesta lengd:* 47,9 m *Skráð lengd:* 39,3 m  
*Breidd:* 11 m *Dýpt:* 7,45 m  
*Vél:* Deutz 1850 kW, 1988  
*Fjöldi skipverja:* 25



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt og Pálma K Jónssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 13. júní 2019 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 togveiðum á NV miðum. Veður: VSV 3-4 m/s.

Á veiðunum féll skipverji í stiga sem lá niður á vinnsluþilfarið og slasaðist á vinstri fæti. Fóturinn marðist og bólgnaði upp þannig að hann gat ekki stigið í fótinn.

Daginn eftir var ákveðið að sigla með skipverjann áleiðis í land. Þjörgunarskipið Húnabjörg sigldi til móts við skipið, tók skipverjann um borð og sigldi með hann til Skagastrandar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að handrið voru báðu megin við stigann;
- að sögn slasaða var mikið að gera hjá honum í úrslætti og hann var því að flýta sér niður stigann eftir stutta pásu;
- að skipverjinn var í stígvélum og gúmmíbuxum á leið til vinnu á vinnsluþilfarinu.



Séð niður stigann

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.